

um rannsókn á virkjun Lagarfoss.

Flm.: Lúðvík Jósefsson, Sigurður Thoroddsen.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara á sumri komanda ýtarlega rannsókn á virkjun Lagarfoss og dreifingu orkunnar með tilliti til raforkuþarfar Austurlands.

Greinargerð.

Á Austurlandi er raforkumálum illa komið. Í þeim þorpum, sem rafmagn hafa, eru rafstöðvar og veitur gamlar og ófullnægjandi, og má heita, að í sumum þeirra sé nú sem næst rafmagnslaust.

Á Seyðisfirði er gömul og ónóg vatnsorkustöð, og stendur fyrir dyrum allveruleg aukning á henni.

Í Neskaupstað er olíuhreyfistöð algerlega ófullnægjandi.

Á Eskifirði er ein elzta vatnsaflsstöð á landinu mjög úr sér gengin, svo að þorpið verður rafmagnslaust, ef ekki verður bráðlega ráðin á þessu bót.

Frá Reyðarfirði liggur nú fyrir þinginu beiðni um allmikla ábyrgðarheimild til óverulegrar aukningar á rafveitunni þar.

Fáskrúðsfjörður á við allt of litla raforku að búa, sem tæplega nægir til ljósa.

Héraðið allt er rafmagnslaust, nema hvað Eiðaskóla og Hallormsstaðaskóla viðvíkur, auk einstakra bæja.

Eins og þessi lýsing ber með sér, verður innan skamms að gera einhverjar ráðstafanir til verulegra endurbóta í öllum þorpum þar eystra. Við þau flest háttar þannig til, að möguleikar eru þar til smávirkjana, sem þó gera ekki meira en að fullnægja þörfinni í bili, ef í þær er ráðizt, hvað þá að vera til frambúðar.

Sú skoðun ryður sér nú æ meira og meira til rúms, að stefna beri að fáum en stórum virkjunum, en hverfa frá hinum mörgu og dreifðu smávirkjunum. Fyrir Austurland er ekki um að ræða til slíkrar virkjunar nema eitt fallvatn, þar sem er Lagarfljót.

Þrátt fyrir þetta hefur engin nákvæm rannsókn farið fram um virkjun Lagarfoss. Að visu er til ágizkun um virkjanlegt afl í fossinum og það talið um 30 000 hð., en um aðstöðu til virkjunar og dreifingar orkunnar til byggða og þorpa austanlands eru engar áreiðanlegar heimildir til. Má segja, að Austurland hafi hér verið sniðgengið, því að í öðrum fjórðungum landsins hafa verið gerðar allverulegar athuganir um þessi atriði.

Á síðasta Alþingi var kosin millipinganefnd í raforkumálum. Átti hún einkum að gera tillögur um fjáröflun til þess að koma upp rafveitum, sem gælu komið nægri raforku út um allar byggðir landsins. Þá var og ríkisstjórninni falið að láta raansaka skilyrði til vatnsaflsvirkjana í fallvötnum landsins.

Þessi tillaga, sem hér liggur fyrir, er fram borin þrátt fyrir þessar fyrri samþykktir, til þess að ákveða það skýlaust, að rannsókn á virkjunaraðstöðu fyrir Austurland, í Lagarfossi, fari fram á sumri komanda.

Þorp og sveitir eystra bíða nú eftir að fá úr því skorið, hvort kleift sé að virkja sameiginlega á einum stað eða hvort þau eigi að ráðast í sína virkjunina hvert. Rannsókn þessi er því aðkallandi nauðsynjamál, sem engan drátt þolir.

Það fer ekki hjá því, að ef þessi rannsókn leiðir það í ljós, eins og flutningsmenn búast við, að stórvirkjun í Lagarfossi sé heppilegri leið en sú, sem hingað til hefur verið farin, muni með henni skapast nýir og stórfelldir möguleikar fyrir Austfirðinga til margháttadrar atvinnu og menningarskilyrði einnig stóraukast.